



Fundargerð

Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) haldinn að Borgartúni 6, 3. hæð, Reykjavík, föstudaginn 18. mars 2016.

Fundur settur kl. 12:00

Formaður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
- Fundarritari: Karen Ósk Pétursdóttir

Dagskrá, samkvæmt lögum félagsins:

- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár
- Skýrslur og tillögur nefnda
- Tillögur félagsstjórnar
- Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalda
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
- Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2015. Skýrslu stjórnar ásamt reikningum og öðrum fundargögnum var dreift á fundinum.

2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.

Ársreikningi félagsins var dreift á fundinum. Gjaldkeri kynnti reikninga KVH og Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2016.

Rekstrartekjur KVH voru kr. 57.801.758 og gjöld kr. 56.347.710. Hagnaður ársins 2015 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 2.133.343. Eigið fé í árslok 2015 var kr. 29.643.500.

Gjaldkeri fór yfir ársreikning Vísindasjóðs KVH, en tekjur hans deilast niður á þá félagsmenn á almennum markaði sem hafa aðild að sjóðnum og félagsmenn hjá sveitarfélögum. Vísindastyrkir eru greiddir út í febrúar. Innborganir 2015 voru kr. 28.629.742. Veittir styrkir voru kr. 23.601.218. Mismunurinn ræðast fyrst og fremst af því að ekki hefur tekist að ná í alla aðila sem rétt eiga á styrk.

Opnað var fyrir fyrirspurnir frá félagsmönnum um skýrslu stjórnar og ársreikningana.

Halla S. Sigurðardóttir skoðunarmaður reikninga greindi stuttlega frá endurskoðunarvinnunni.

Fyrirspurn: Hversu stór hluti af útistandandi félagsgjöldum er 30 daga eða eldri? Svar: KVH er ekki með nákvæma sundurliðun á þessu, en innheimtustofnun BHM sér um innheimtuna. Almenna reglan er sú að félagsgjöldum er skilað hratt og örugglega, en dálítið er um að félagið eltist við aðila sem komnir eru í vanskil.

Fyrirspurn: Hvað er á bak við liðinn *önnur þóknun* (skýring 3, síða 6)? Svar: Árið 2015 var mikið kjarasamningsár og er þessi liður að mestu leyti þóknun fyrir þá aðila sem sátu í samningarnefndum KVH.

Fyrirspurn: Er það ekki slæmt að tæplega helmingur félagsgjalda fer í kostnað vegna launa starfsmanna og stjórnar KVH? Svar: Hvað telst eðlilegt hlutfall launa í þessu sambandi? KVH er með lægstu félagsgjöld sem viðskipta- og hagfræðingar geta fengið hjá stéttarfélagi og er félagið vel rekið þrátt fyrir lág félagsgjöld. Félagsmenn vilja góða þjónustu og lág félagsgjöld, og KVH veitir það. KVH hefur unnið í því að markaðssetja sig, sem kostar peninga og á móti kemur fjölgun félagsmanna sem skila sér í auknum tekjum.

Ársreikningur borinn undir atkvæði og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Ársreikningur Vísindasjóðs KVH var borin undir atkvæði og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrslur og tillögur nefnda.

Engar nefndir starfandi og því engar skýrslur.

4. Tillögur félagsstjórnar.

Engar tillögur félagsstjórnar.

5. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf.

Í lögum KVH segir m.a. að kjörtímabil aðalmanna skuli vera tvö ár en varamanna eitt ár. Haga skal kosningu þannig að kosið sé til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjórnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjórnanda á þeim næsta. Á aðalfundi 2015 var kosið til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjórnanda og var því kosið um tvo stjórnarmenn í aðalstjórn núna.

Fundarstjóri lagði til að fundarmenn greiddu atkvæði um tvo (merkту við eitt eða tvö nöfn af þremur) á atkvæðaseðli.

Gengið var til kosninga meðstjórnanda. Greidd voru 57 atkvæði á 30 seðlum. Niðurstöður voru:

Ragnheiður Ragnarsdóttir hlaut 20 atkvæði og því réttkjörinn til tveggja ára.

Guðfinnur Newman hlaut 19 atkvæði og því réttkjörinn til tveggja ára.

Helga S. Sigurðardóttir hlaut 18 atkvæði.

Hjálmar Kjartansson og Sæmundur Árni Hermannsson höfðu boðið sig fram með löglegum fyrirvara í varastjórn KVH, þ.e. fyrir 1. mars, og voru því sjálfkjörnir. Helga S. Sigurðardóttir gaf kost á sér í varastjórn, en ekki aðrir fundarmenn og var hún því sjálfkjörin í varastjórn til eins árs.

Fyrirspurn barst um kynjakvóta í stjórn KVH. Svar: Ekki er um kynjakvóta að ræða. Hins vegar segir í lögum KVH „*Leitast skuli við að hlutfall karla og kvenna samanlagt í stjórn og varastjórn félagsins nái 40%*“.

6. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar.

7. Ákvörðun félagsgjalda.

Tillaga gjaldkera:

Félagsgjöld eru 0,6% og lagt til að þau standi óbreytt. Samþykkt einróma.

8. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins

Gjaldkeri fór yfir Rekstraráætlun 2016.

Fyrirspurn: Af hverju er gert ráð fyrir mikilli hækkun í liðnum *ráðstefnur, ferðakostnaður og dagpeningar*? Svar: Þessi liður hefur setið á hakanum frá því að skrifstofa KVH var opnuð og metur stjórn KVH að á rekstrarárinu 2016 gefist tími/ og fjármagn til þess að sinna þessum lið, þar á meðal erlendum samskiptum og efla félagið enn frekar.

Rekstraráætlun 2016 borin undir atkvæði og hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Formaður greindi frá fjárfestingastefnu KVH og lagði fram þá tillögu að halda henni óbreyttri. Tillaga um óbreytta stefnu sem felur í sér að eingöngu verði heimilt að fjárfesta í ríkisverðbréfum var borin undir félagsmenn og samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Hugmynd var lögð fram, undir liðnum *ákvörðun félagsgjalda*, um hvort hækka ætti félagsgjald KVH til að safna í verkfallsjóð, og óskaði formaður KVH eftir því að sú umræða yrði geymd og tekin sérstaklega undir liðnum *önnur mál*.

Formaður greindi frá því að stjórn KVH hefði rætt töluvert um þann möguleika að stofna nýjan kjaradeilusjóð KVH. Jafnframt var farið stuttlega yfir aðdraganda og ákvörðun KVH að taka ekki þátt í verkfallsaðgerðum aðildarfélaga BHM gegn ríkinu í byrjun árs 2015. Málið hefur margar hliðar. Stjórn hefur hugleitt að efna til skoðunarkönnunar meðal félagsmanna KVH til að kanna afstöðu þeirra í þessu efni.

Formaður óskaði eftir álit fundarmanna. Þeir sem tóku til máls veltu m.a. fyrir sér hvaða sviðsmyndir væru mögulegar, þ.e. hve miklu þyrfti að safna, hvað það tæki langan tíma, o.s.frv. Aðrir töldu að í ljósi aðstæðna nú á vinnumarkaði stefndi í að verkföll heyrðu sögunni til og því væri ekki rétt að stofna kjaradeilusjóð. Fram kom ánægja með að KVH hafði ekki tekið þátt í verkfallsaðgerðum s.l. sumar.

Fleira ekki gert.

Formaður sleit fundi kl. 13:25.